Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl

Hrútur Regla dagsins hljóðar svo: Þú mátt bara hafa áhyggjur í fimm mínútur. Taktu frumkvæðið og bjóddu á stefnumót.

20. apríl - 20. maí

Naut Þú átt að hafa þann aga til að bera að rannsaka málin vandlega áður en þú segir af eða á. Taktu upp hanskann fyrir vin og þú munt slá í gegn.

21. maí - 20. júní

Tvíburar Þú heldur að það sé ekki heillavænlegt að láta skrýtinn draum rætast eða nota sköpunarkraftinn. Á hverju byggirðu þá skoðun? Láttu slag standa. Tímasetningin er lykilatriði.

21. júní - 22. júlí

Krabbi Þegar í öngstræti er komið er gott að hugsa málin alveg upp á nýtt. Settu þér það mark að tala fagurt mál og rita. Vinur biður um hjálp.

23. júlí - 22. ágúst

Ljón Ekki hlusta á þá sem segja að draumar þínir geti aldrei ræst. Þú átt hauk í horni í fjölskyldunni sem styður þig, sama hvað.

23. ágúst - 22. sept.

Meyja Réttlætistilfinningu þinni verður misboðið, íhugaðu hvað þú getur gert í því. Fólk hrífst af staðfestu þinni.

23. sept. - 22. okt.

Vog Allt á sinn tíma og nú er aðalmálið að halda fast utan um budduna. Einhver óvænt útgjöld skjóta upp kollinum.

23. okt. - 21. nóv.

Sporðdreki Sambönd úr fortíðinni gætu skotið upp kollinum í dag. Skoðaðu hvar þú ert núna og hvar þú vilt vera eftir fimm ár.

22. nóv. - 21. des.

Bogmaður Það er eitt og annað sem þú átt ógert en verður að ráða fram úr því eins fljótt og mögulegt er. Fólk sem hugsar sér að vera á móti þér getur það hreinlega ekki þegar á reynir.

22. des. - 19. janúar

Steingeit Þú vilt gefa öðrum ráð eða deila reynslu þinni með þér yngra fólki. Kannski ertu einum of ráðrík/ur við þína nánustu.

20. jan. - 18. febr.

Vatnsberi Það er allt í lagi að sýna tilfinningar sínar við þá sem maður treystir og eru líklegir til þess að skilja þær. Börnin eru ekki upp á sitt besta þessar vikurnar.

19. feb. - 20. mars

Fiskar Heimili, fasteignir og málefni fjölskyldunnar eru efst á baugi á þessu ári. Leyfðu málum bara að hafa sinn gang og njóttu lífsins með bros á vör.

Guðmundur Ármann Pétursson, sjálfstætt starfandi – 50 ára

Kominn heim á Eyrarbakka

Guðmundur Ármann Pétursson fæddist 9. maí 1969 í Reykjavík og bjó í Vogahverfinu, Sólheimum og Álfheimum nánar tiltekið. „Foreldrar mínir kaupa Húsið á Eyrarbakka árið 1979 og hefjast handa við lagfæringar á því og endurbætur. Ég flyt síðan á Eyrarbakka árið 1982 ásamt móður minni og bróður og þangað er ég fluttur á ný ásamt konu minni og börnum.“

Guðmundur gekk í Ísaksskóla og Æfingadeild Kennaraháskóla Íslands og frá árinu 1982 í Barnaskólann á Eyrarbakka. Hann var skiptinemi í Suður-Karólínuríki í Bandaríkjunum 1985-1986. Hann lauk námi í framgreinadeild Háskólans á Bifröst 1989 og varð rekstrarfræðingur frá sama skóla 1991. Hann fór síðan í nám við Emerson College í lífefldri ræktun 2003 og lauk MSc-námi í arkitektúr, orku- og umhverfismálum við University of East London 2004.

Guðmundur byrjaði ungur að vinna, s.s. í fiskvinnslu, við brúarsmíði, sem verkamaður, á Litla Hrauni og á réttargeðdeildinni á Sogni. „Á Sólheimum starfaði ég með hléum frá árinu 1988 til ársins 2017, hafði á þeim tíma unnið í lengri eða skemmri tíma nánast öll störf í fjölbreyttum rekstri þess samfélags, þar af framkvæmdastjóri í rétt tæp 15 ár.“

Guðmundur var kjörinn í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps árið 2010 og á ný árið 2014 og sat til ársins 2018. Hann byrjaði ungur í skátahreyfingunni í skátafélaginu Skjöldungum og var þar virkur um árabil. Fór á tvö alheimsmót skáta í Kanada og Ástralíu, lauk Gilwell-þjálfun, hlaut forsetamerki, var formaður Skátasambands Suðurlands og sat um tíma í stjórn Bandalags íslenskra skáta.

„Ég kom að því að endurvekja skátastarf á Selfossi með skátafélaginu Fossbúum ásamt góðu fólki og starfaði í félaginu um nokkurt skeið. Sonur minn er með Downs heilkenni og læt ég mig hagsmuni einstaklinga með Downs mjög varða, sat um tíma í stjórn Félags áhugafólks um Downs heilkennið og sit í stjórn Proskahjálpar á Suðurlandi.“

Síðustu misseri hefur Guðmundur ásamt konu sinni verið að vinna að og þróa tvö nýsköpunarverkefni. „Það er heilsutengd ferðaþjónusta þar sem hafið er nýtt til ánægju og heilsueflingar og hitt er að vinna hágæðaafurð úr broddmjólk kúa.“ Við fjölskyldan höfum keypt okkur fallegt hús á Eyrarbakka sem við erum að lagfæra og breyta og hlökkum mikið til að flytja inn og að koma okkur vel fyrir. Eyrarbakki á stóran sess í hjarta mínu og ég hef einlægan áhuga á að leggja gott til samfélagsins. Hafið og fjaran heillar mig ávallt og togar í með spennandi verkefni sem mig langar einnig að vinna að í náinni framtíð.

Ég hef ákveðið að hrinda í framkvæmd hugmynd sem lætur mig ekki í friði en það er setja af stað kvikmyndahátíð. Sé fyrir mér að hátíðin verði árlegur viðburður og mun hún heita BRIM kvikmyndahátíð. Markmiðið er að sýna myndir sem tengjast sjávarbyggðum og/eða hafinu. Á þessari fyrstu hátíð verða myndirnar um plast í hafinu. Ég hef náð samstarfi við erlend samtök sem vinna með markvissum og upplýsandi hætti gegn plastnotkun og hreinsun á plasti úr hafinu.

Ég mun kynna þetta verkefni fyrir Eyrbekkingum á næstunni og á ekki von á öðru en það verði vel tekið í hugmyndina.“



Fjölskyldan Nói Sær, Guðmundur, Embla, Birna Guðrún og Auðbjörg Helga fyrir utan Mosfellskirkju í Grímsnesi við fermingu Emblu Lífar í fyrra.



Afmælisbarnið Guðmundur við ostagerð í námi sínu á Englandi.

Fjölskylda

Sambýliskona Guðmundar er Birna Guðrún Ásbjörnsdóttir, f. 28. apríl 1971, doktorsnemi í heilbrigðisvísindum. Foreldrar hennar eru hjónin Ásbjörn Kristófersson, f. 9. ágúst 1933, fv. kaupmaður, og Sigríður Guðmannsdóttir, f. 18. október 1932, vann á Landakoti. Þau eru búsett í Reykjavík.

Börn: 1) Auðbjörg Helga, f. 23.



Til hamingju með daginn

Guðbjörg Birna Jónsdóttir



40 ára Guðbjörg er frá Ólafsvík en býr í Reykjavík. Hún er leikskólakennari að mennt og er í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Maki: Vignir Örn Sigþórsson, f. 1978, framkvæmdastjóri hjá Johan Rönning.

Börn: Jökull Örn, f. 2006, Hrafnhildur Steinunn, f. 2010, og Arna Guðrún, f. 2012.

Foreldrar: Jón Þorbergur Oliversson, f. 1953, vinnur í vélsmiðjunni Framtaki, og Kolbrún Þóra Björnsdóttir, f. 1954, vinnur hjá Íslenskri erfðagreiningu. Þau eru búsett í Kópavogi.

Torfi Geir Símonarson



30 ára Torfi Geir er Garðbæingur og er að klára BA-nám í almannatengslum á Bifröst. Hann er markaðsstjóri hjá leikhúsframleiðslufyrirtækinu Theater Mogul.

Maki: Ragnheiður Dísa Gunnlaugsdóttir, f. 1989, leikskólakennari og deildarstjóri á Bæjarbóli.

Dóttir: Þórhildur Sóldís, f. 2014.

Systkini: Sólveig Dröfn, f. 1996, og Sigurður Einar, f. 1998.


Foreldrar: Símon Bjarnason, f. 1966, málari, búsettur á Bíldudal, og Anna Lilja Torfadóttir, f. 1968, kennari, búsett í Garðabæ.

Nýr borgari

Selfoss Silja Steinsdóttir fæddist 26. september 2018 í Reykjavík. Hún vó 4.102 g og var 55 cm löng. Foreldrar hennar eru Selma Harðardóttir og Steinn Vignir.



Úr frændgarði Guðmundar Ármanns Péturssonar





Mæðginin Guðmundur, Auðbjörg og Eggert við Windsor kastala árið 2003.

mars 1996, nemi; 2) Embla Líf, f. 24. ágúst 2004, og 3) Nói Sær, f. 22. febrúar 2010.

Bróðir Guðmundar er Eggert Pétursson, f. 18. júlí 1973, lagerstjóri í Norrköping í Svíþjóð.

Foreldrar Guðmundar eru Auðbjörg Guðmundsdóttir, f. 27. janúar 1944, leikskólakennari, bús. á Eyrarbakka, og Pétur Sveinbjarnarson, f. 23. ágúst 1945, fv. framkvæmdastjóri, bús. í Reykjavík.


Grettir



Hrólfur hræðilegi




Ferdinand



Í klípu

eftir Mike Baldwin



„GETUR ÞÚ EKKI BARA RÚNNAÐ ÞETTA NIÐUR?"

Hermann

eftir Jim Unger



„ÉG SKIPTI Á BARNINU. HVAÐ NÚ?"

ást er...



... besta fjárfestingin.

Vísnahorn

Vor í lofti og vísnabókin

Það er vor í lofti og hagyrðingarnir í sólskinsskapi. Pétur Stefánsson orti á sunnudaginn á Leir:

Nú er bjart og blíðuveður,
blikar sól á vík og ál.
Indælt vorið alla gleður,
unað veitir hverri sál.
Spretta blóm og lauf í lautum,
losnar fólk úr vetrarþrautum.

Blessað vorið hlær í hlíðum,
hvammar skarta fögrum lit.
Völlur grær í vindi þýðum,
veröld baðar sólarglit.
Argur vetur er að baki,
ómar loft af fuglakvaki.

Í tímaritinu Helgafelli var þáttur sem kallaðist „Úr Vísnabókinni, þýtt og endursagt af Magnúsi Ásgeirssyni". Hér eru sýnishorn. Fyrst er „Grafskrift yfir hundi":

Ég var hundur húsbóndans á Rein.
Hver á þig, sem skoðar nú minn stein?

Úr gömlu bréfi:

Hvað sem annars er um mig,
engin líður stundin
svo, að ekki sé við þig
sérhver þanki bundinn.

Hitt mér leyndist langa tíð,
ljúfan dyggðaríka,
að þú hugsar ár og síð
um þig sjálfa líka.

Meydómsminning.

– Barnfóstran hét Hanna.
Hún bar mig upp í hlíð.
Þá kom til okkar piltur
og kyssti hana í grið.
Og Hanna kyssti piltinn.
Ég hugsaði, ein á bala:
„Þetta segi ég mömmu,
þegar ég læri að tala!"

Landráð.

„Af landráðum vex ekki vegsemd!
„Hve verður það sannað?"
„Er landráðin hafa heppnast,
þá heita þau annað".

Ármann Þorgrímsson er með „smá innlegg í umræðuna um þungunarrof og hlýnun jarðar" á Leir:

Veröld illa á vegi stödd og versnar færðin
Mesta vanda málið er
mennirnir að fjölga sér.

Ármann hefur líka sett fram „heimspekilegar hugleiðingar um tilgang lífsins":

Tilganginn með tilgangsleysi tel ég vera
aðeins til að ergja sig
engu skiptir þetta mig.

Bólu-Hjálmar orti:

Lofsvert er að læsa kjaft
og lukku sléttur vegur,
Satan hefur segulkraft,
syndarann að sér dregur

Halldór Blöndal
halldorblondal@simnet.is

